

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Brimnes, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 25. mars 2026 tillögu að deiliskipulagi fyrir Brimnes. Ætlunin er að byggt verði íbúðarhús, gestahús og skemma/geymsla. Aðkoma að jörðinni er frá Ásvegi vestan Þykkvabæjar og um vegi innan jarðar. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellu, 16. apríl 2026.

F.h. Rangárþings ytra,
Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 5. maí 2026